



Reykjavík, 9. desember 2024
VEL24110058

Borgarráð

Samþykkt velferðarráðs um framlengingu þjónustusamnings um samræmda móttöku flóttafólks

Á fundi velferðarráðs þann 6. desember 2024 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um framlengingu þjónustusamnings um samræmda móttöku flóttafólks:

Lagt er til að samþykkt verði að framlengja þjónustusamning Reykjavíkurborgar og félags- og vinnumarkaðsráðuneytis um samræmda móttöku flóttafólks um eitt ár eða til 31. desember 2025. Þá er jafnframt lagt til að fjöldi flóttafólks sem Reykjavíkurborg veitir þjónustu á grundvelli samningsins verði aukinn úr 1500 í 1800.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Velferðarráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Velferðarráð samþykkir að framlengja þjónustusamning Reykjavíkurborgar og félags- og vinnumarkaðsráðuneytis um samræmda móttöku flóttafólks um eitt ár eða til 31. desember 2025. Hér er einnig samþykkt að stækka samninginn til að ná utan um þann hóp fólks sem er í borginni. Reykjavík mun því styðja við allt að 1800 manns sem hafa fengið alþjóðlega vernd.

Tillagan er hér með send borgarráði.

Þess er óskað að skrifstofa borgarstjórnar hlutist til samskipti við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og Vinnumálastofnun vegna undirritunar samningsins.

Virðingarfyllt,

Rannveig Einarasdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um framlengingu þjónustusamnings um samræmda móttöku flóttafólks, lögð fram á fundi velferðarráðs 6. desember 2024, ásamt fylgiskjöllum.



Reykjavík



Reykjavík, 4. desember 2024

VEL24110058

TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: *Framlenging samnings um samræmda móttöku flóttafólks*

Lagt er til að samþykkt verði að framlengja þjónustusamning Reykjavíkurborgar og félags- og vinnumarkaðsráðuneytis um samræmda móttöku flóttafólks um eitt ár eða til 31. desember 2025. Þá er jafnframt lagt til að fjöldi flóttafólks sem Reykjavíkurborg veitir þjónustu á grundvelli samningsins verði aukinn úr 1500 í 1800.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg hóf þátttöku í tilraunaverkefni félagsmálaráðuneytisins (nú félags- og vinnumarkaðsráðuneytið) um samræmda móttöku flóttafólks árið 2021 en ástæða verkefnisins var að samræma þá framkvæmd sem gildi um móttöku svokallaðs kvótaflóttafólks og flóttafólks sem kom til Íslands á eigin vegum. Undir lok tilraunatímabilsins fór af stað vinna hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga og félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu til að festa framkvæmdina í sessi og þann 10. nóvember 2022 samþykkti borgarráð að Reykjavíkurborg undirritaði þjónustusamning við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um að veita allt að 1500 flóttamönnum samræmda þjónustu. Samningurinn gildi til 31. desember 2023 og hefur verið framlengdur tvisvar sinnum um sex mánuði í senn. Samningurinn rennur því út 31. desember nk.

Ástæða tíðra framlenginga í stuttan tíma í senn er óánægja sveitarfélaganna með framkvæmd samningsins en hann hefur þótt þungur í vöfum og flókin umsýsla sem fylgir honum. Nú er ljóst að vinna við úrbætur á samningnum mun dragast enn frekar og nýtt fyrirkomulag ekki í sjónmáli fyrr en í lok næsta árs. Af þeim sökum er lagt til að samningurinn verði framlengdur um eitt ár.

Framkvæmd samningsins hefur á heildina litið gengið vel. Fjöldi flóttafólks í samræmdri móttöku velferðarsviðs Reykjavíkurborgar hefur farið fram yfir umsaminn fjölda en um tíma voru um 1800 flóttamenn í samræmdri móttöku velferðarsviðs. Þann 26. nóvember sl. voru 1579 flóttamenn skráðir í samræmda móttöku.

Í upphafi samningstímabilsins var öruggt húsnæði fyrir flóttafólkið eitt helsta áhyggjuefni varðandi framkvæmd samningsins en þrátt fyrir þrengsli á húsnæðismarkaði hafa flest allir í þjónustu Reykjavíkurborgar komist í húsnæði.



Reykjavík



Af fenginni reynslu er lagt til að fjöldi flóttamanna verði aukinn í samningnum úr 1500 í allt að 1800. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hefur tilkynnt að ekki verði greitt fyrir fleiri en samningur segir til um frá og með 18. nóvember sl. og því er nauðsynlegt að auka fjöldann ef endurgjald á að koma fyrir þá þjónustu sem er veitt.

Frá árinu 2015 hafa 6.105 flóttamenn verið í þjónustu velferðarsviðs. Mikil fjölgun varð árið 2022 þegar fjöldi flóttafólks fór úr 968 í 2.307. Þann 26. nóvember sl. höfðu 3906 flóttamenn farið í gegnum samræmda móttöku flóttafólks hjá velferðarsviði. Af þeim hafa 2.327 lokið þjónustu en 1.579 eru enn í samræmdri móttöku flóttafólks.

Endurgreiðsla frá ríkinu vegna samræmdrar móttöku flóttafólks nam tæplega 264,5 m.kr. árið 2023 en gjöld voru um 265 m.kr. Fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2024 nam endurgreiðsla frá ríkinu um 280 m.kr. og voru gjöld velferðarsviðs ívið lægri en lokauppgjör fyrir allt árið liggur ekki fyrir á þessari stundu.

Fylgiskjöl:

Drög að viðauka við þjónustusamning Reykjavíkurborgar og félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins um samræmda móttöku.

Þjónustusamningur við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um samræmda móttöku flóttafólks, ásamt fylgiskjöllum, febrúar 2024.



Reykjavík



II. viðauki þjónustusamnings milli félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, Síðumúla 24, 105 Reykjavík, kennitala: 521218-0610 (hér eftir nefndur þjónustukaupi), Vinnumálastofnunar, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík, kennitala: 700594-2039, og Reykjavíkurborgar, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, kennitala: 530269-7609 (hér eftir nefnt þjónustusali), um samræmda móttöku flóttafólks, sem undirritaður var 4. apríl 2024.

1. gr.

Við 2. gr. samningsins bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 3. gr. þessa samnings er þjónustukaupa heimilt að greiða þjónustusala fyrir þjónustu við notendur sem þegar hafði verið vísað til þjónustusala fyrir 18. nóvember 2024, umfram hámarksfjölda notenda.

2. gr.

Þrátt fyrir 3. gr. samningsins tekur þjónustusali að sér að veita allt að 1800 notendum í senn þjónustu.

3. gr.

Þrátt fyrir 14. gr. samningsins sem og 1. gr. viðauka samningsins, skal samningurinn gilda frá og með 18. nóvember 2024 til og með 31. desember 2025.

4. gr.

Viðauki þessi er undirritaður rafrænt.